UMHVERFISSTOFNUN

HE VF Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Endurskoðað 2017, uppfært 21.12.2018

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR Áramótabrennu Ísafirði 31. desember 2022 kl 20:30

**Kt. 54059626639**

**Ábyrgðarmaður Stefán Hagalín Ragúelsson (kt. 1006644369)**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|---|---|---|---|
| 1.1 | Leyfið tekur til brennu Á Hauganesi Ísafirði þann 31. desember 2022 kl 20:30 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi *laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir* hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum: | 550/2018 5. gr. | |
| 1.2 | Leyfishafi Ísafjarðarbær kt. 54059626639 er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt. | 550/2018 56. gr. | |

## 2. SKILYRÐI

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|---|---|---|---|
| 2.1 | Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluyfirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra. | 325/2016 | |
| 2.2<br>2.3 | Veitt er leyfi fyrir Stóra brennu (áætlaður brennutími með góðum loga 4kls). 30m3 af timbri<br>enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögre glustjóra. "Bálkestir og brennur. *Leiðbeiningar um vinnutilhögun o g leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.*" | 325/2016 | |
| 2.4 | Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu. | 325/2016 | |

Til kynningar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.5 | Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í "fullu báli" á ekki að hella meiri olíu á. | 550/2016 52. gr. og 325/2016 | |
| 2.6 | Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. | 325/2016 | |
| 2.7 | Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu. | 325/2016 3., 18. og 23. gr. og rgl. nr. 550/2018 56. gr. | |
| 2.8 | Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra[1] frá 7. desember 2000. | 325/2016 | |
| 2.9 | Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu. | 325/2016 18. og 23. gr. og rgl. nr. 737/2003 11. gr. | |
| 2.10 | Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert. | 414/2017, 6. gr. | |
| 2.11 | Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun. | 550/2018 og rgl. nr. 325/2016 | |

Tilkynning

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

Bolungarvík 25.11 2022
Fh. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Anton Helgason
heilbrigðisfulltrúi

[1] Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).